

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík

Hafnarfjörður, 11.05.2023
2023-04-0149
GÁÓ

Málefni: Beiðni um umsögn- efnislosun við Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar, dags. 24. apríl 2023, þar sem óskað var eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar, í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, um erindi Hafnarsjóðs Þorlákshafnar þar sem óskað er eftir leyfi til að losa allt að 30.000 m³ af dýpkunarefni í sjó vegna dýpkunar í innsiglingarennu.

Gögn sem fylgdu beiðninni sýndu að árið 2006 fór fram ítarleg greining á botndýralífi á svæðinu. Sú rannsókn sýndi að og benti sú rannsókn til þess að svæðið væri finnst sandur og dýralíf einkenndist af algengum tegundum sem almennt eru talin þolin fyrir sveiflum í umhverfi (skýrsla eftir Sigmar Arnar Steingrímsson). Það voru gerðar mælingar á kornastærð árið 2017. Þá liggja fyrir mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum frá Þorlákshafnarhöfn frá árinu 2001, og benda þau gögn ekki til neinnar mengunnar. Umhverfisstofnun gaf síðast út leyfi fyrir sambærilegri losun árið 2019.

Byggt á ofangreindum upplýsingum þá er það umsögn Hafrannsóknastofnunar að ólíklegt er að breytingar hafi orðið á botnlífri á svæðinu á þann hátt að auknar líkur séu á neikvæðum áhrifum af losun efnis. Vakin er athygli á að þær mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum sem fylgja umsókninni eru yfir tuttugu ára gamlar og þær niðurstöður gætu hafa breyst á tímabilinu.

Þá er áréttað, í samræmi við fyrri umsagnir, að gæta þarf fyllstu varúðar við efnislosun þannig að hún hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi sellátur, sérstaklega þegar selirnir kæpa í maí og júní.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir